

um nefnd til að undirbúa verndun Skálholtsstaðar og stýra framkvæmdum við endurreisn staðarins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar fimm manna nefnd, ólaunaða, til að undirbúa verndun Skálholtsstaðar og stýra fyrir hönd ríkissjóðs þeim framkvæmdum, sem þar verða gerðar í því skyni. Í nefndina skal velja biskup landsins, búnaðarmálastjóra, húsameistara ríkisins, fornminjavörð og þjónandi prest í Skálholti. Ef einhverjir af framangreindum mönnum neita að starfa í nefndinni, velur ríkisstjórnin annan eða aðra menn í staðinn.

Greinargerð.

Skálholt var frá dögum Ísleifs biskups og fram yfir móðuharðindin annar elzti og mesti helgistaður landsins, næst á eftir Þingvöllum. Allan þennan langa tíma er Skálholt sem menntasetur og valdastaður ofinn inn í sögu landsins á ógleymanlegan hátt. Í bágindunum eftir móðuharðindin, þegar lá við landauðn á Íslandi, var skóli og biskupssetur flutt burt úr ösku- og jarðskjálftarústunum. Þjóðin var þá þannig sett, að hún gat engri mótgerð frá sér hrundið. Eftir þetta var Skálholt svipt sinni fornu dýrð og veldi. Síðan er liðin hálf önnur öld. Gildir bændur hafa búið í Skálholti, og svo er enn. En það nægir ekki að hafa myndarlegan búskap og mikinn fjárstofn á slíkum sögustað. Það þarf að verja miklum fjármunum af almannafé til að setja á slíkan stað þann höfuðbólsbrag, sem hæfir hinum sögulegu minningum. Það er búið að verja miklu fé til að gera Reykholt svo úr garði, að landið gæti tekið þar á móti hinni ágætu þjóðargjöf Norðmanna í sumar sem leið. Ef enn hefði verið í Reykholti hálfhruninn torfbær, peningshúsin á hlaðinu, þar hjá rauðir og grænir benzíngeymar og neðan við varþann ótræðismýri, varla manngeng, þá hefði ekki verið hægt að láta erlenda gestahópin sjá, að islenzka þjóðin virti svo lítils heimili hins frægasta manns í landinu. Margir af hinum norsku gestum, sem komu á Snorrahátiðina, vildu mega heimsækja Skálholt, en islenzka nefndin var ásátt um að leyfa það ekki. Sendi þó litinn bíl með nokkra fræðimenn, sem talið var líklegt, að gætu metið vanræksluafsakanir okkar. Þegar þar kom, var varla hægt að snúa litlum bíl við hjá garðshliðinu.

Heima í Skálholti eru gömul timburhús, byggð eins og víðar af vanefnum eftir jarðskjálftana 1897. Sams konar skúraþyrping var á Þingvöllum, þar til hátiðanefnd byggði staðinn upp að nýju 1930, svo að við má una. Kirkjan er hrörleg og algerlega ósamboðin staðnum. Kirkjugarðurinn er stórhýfður og girðingin óásjálæg. Nálega engar sýnilegar fornminjar eru í Skálholti. Menn byggðu úr grjóti og torfi, og það efni var forgengilegt. En þar er enn hin stórbrotna og glæsilega útsýn yfir hin miklu vötn, sléttur og jöklahring Suðurlands. Staðurinn hefur tvennt að þjóða: hátignarlega náttúrufegurð og sjö aldir af Íslandssögu. Slíkur staður má ekki lengur vera í því ástandi, að það verði að hindra menntaða menn innlenda og útlenda frá að koma þangað. Sumir kunna að segja, að ekki sé þörf annars en að byggja Skálholt nógu efnuðum og stórhuga bónda. Skálholt á ekki frægð sína að þakka búnaði einstakra manna, heldur hinu, að þar var höfuðaðsetur hins íslenzka mannfélags um margra alda skeið. Biskupsstóll og menntaskóli landsins voru virki þjóðarinnar í Skálholti. Þessar stofnanir voru fluttar burtu á óhappastund. Þær stofnanir en ekki höndastarfið vantar minnisvarða í Skálholti.

Endurreisn Reykhólts er til fyrirmyndar heim, sem vilja sýna Skálholti sóma. Það tók tuttugu ár að gera Reykholt samboðið þeim minningum, sem tengdar eru við staðinn. Þar varð að vera andleg starfsemi, og þess vegna var þar reist stærsta menntastofnun héraðsins. Þar þurfti að vera mikill húskapur. Þess vegna var þar gerður mikill túnauki, komið upp stórbúi og undirbúinn trjagarður, sem er meira en tveir ha. að stærð. Vegir liggja að Reykholti úr mörgum áttum. Þar komu í sumar 2500 bifreiða á Snorrahátiðina, og fór vel um þær allar. Er aðstaða góð í Reykholti til að hafa þar hátíðir að sumarlagi fyrir 15—20 þús. manns. Hæfir sá umbúnaður söguminningum staðarins.

Í Skálholti þarf að vera kirkjulegt setur og stórbúskapur, en ekki bundinn við aðstöðu einstaklinga, heldur á vegum mannfélagsins. Þess vegna legg ég til, að sett verði sérstök stjórnarnefnd fyrir Skálholt: Tveir forgöngumenn kirkjunnar, yfirmaður búnaðarmála og helztu kunnáttumenn landsins í húsagerð og fornun fræðun. Slík nefnd ætti að hafa góða aðstöðu til að endurreisa þennan fornfræga stað með þeim hætti, að sæmd landsins væri að fullu borgið. Slíkar nefndir starfa best, ef þær eru ólaunaðar. Veit ég það af eigin reynslu í hátiðanefndinni 1930, Þingvallanefnd, dansk-íslenzku nefndinni, Snorranefndinni og byggingarnefnd Þjóðleikhússins, til að nefna nokkur dæmi.

Endurreisn Skálholts þarf að hefjast á vettvangi kirkjumálanna. Þar ætti að gera við kirkjugarðinn með sama einfaldleika og beitt var við þjóðargrafreitinn á Þingvöllum. Næst ætti, haustið 1950, að reisa á dánarstað Jóns Arasonar hið snilld-

arlega minnismerki Einars Jónssonar. Vafasamt er, að heppilegt verði að freista að endurreisa timburkirkju Brynjólfs biskups. Brunahættan er of mikil. Betra mundi að reisa í Skálholti fallega kapellu í rómönskum eða gotneskum stíl. Sá prestur, sem messar í Skálholti, ætti fortakslaust að eiga þar heima, og er furðulegt, að svo skuli ekki vera. Þá ætti biskup landsins að hafa þar sumarhús og taka þar á móti tignum gestum. Vel færi á, að guðfræðinemar þjóðkirkjunnar gætu verið þar á vorin og undirbúið próf sín á þeim sögufræga stað. Þá hafa margir prestar hreyft þeirri tillögu, að í Skálholti væri hvíldarheimili presta, bæði ungra og gamla. Með þessu móti væri Skálholt aftur tengt kirkjunni og að nokkru efnt heit við hinn fræga gefanda, Ísleif biskup.

Biskuparnir höfðu að öllum jafnaði stórbú í Skálholti, og svo þarf enn að vera. Þar ætti að vera fyrirmyndarbú og túnrækt mikil. Það er lítt afsakanlegt hirðuleysi, að ekki skuli vera til hér á landi stórbú, þar sem ræktuð eru hin beztu kyn nautpenings og hesta. Skálholt er einkar vel fallinn staður fyrir slíka starfsemi, heimalönd víðáttumikil og ræktarland óþrjótandi. Þegar lokið er brúargerð á Iðu, gæta sunnlenskir bændur átt auðvelda sókn að Skálholti og fengið þar hin beztu húsdýrakyn.